

Grímsnes-og Grafningshreppur
Rebekka Rut Ingvarsdóttir
Borg
801 Selfoss

Reykjavík, 23. ágúst 2024
UST202407-216/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Furuborgir - Minniborgum - Frístundasvæði - Grímsnes- og Grafningshreppur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Grímsnes-og Grafningshrepps er barst 11. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð í Furuborgum.

Í greinargerð kemur fram að skipulagðar eru 37 lóðir á bilinu 3.735 - 11.255 m². Heimiluð verður uppbygging frístundahúsa og gestahúsa/skemmu í samræmi við heimilað byggingarmagn skv. nýtingarhlutfalli. Níu lóðir innan svæðisins eru byggðar.

Forsendur aðalskipulags

Í greinargerð segir að stefna aðalskipulagsins er sú að frístundabyggð verði utan svæði sem mikilvægt er að vernda vegna náttúrufars, auðlinda, náttúrvár, sögu eða útivistagildis.

Umhverfisstofnun bendir að frístundasvæðið er innan svæðis sem er mikilvægt er að vernda náttúrufars sem er hraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga. Því er ljóst að deiliskipulagið er ekki í samræmi við stefnu aðalskipulagsins hvað þetta varðar.

Borgarhólshraun - sérstök vernd náttúruverndarlaga

Umhverfisstofnun bendir á að Borgarhólshraun nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun bendir á að þó svo að svæðið hafi verið lengi verið skilgreint sem frístundasvæði og uppbygging þegar hafist fyrir áratugum ber sveitarfélaginu að fara eftir ákvæðum náttúruverndarlaga við gerð skipulagsáætlana.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Að mati Umhverfisstofnunar hefur og mun skipulagstillagan valda óafturkræfu raski á hrauni sem nýtur sérstakrar verndar og hafa því neikvæð áhrif á það

Ekki kemur fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu.
<https://serstokvernd.ni.is/>

Því þarf, í samræmi við ofangreint ákvæði náttúruverndarlaga, að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu. Ekki er hægt að réttlæta frekara rask á hrauninu með því að segja að svæðið hefur lengi verið skilgreint sem frístundasvæði og hefur uppbygging þegar hafist.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við.

Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruyfyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Hlín Gísladóttir
lögfræðingur